

Ár 2004, miðvikudaginn 23. júní kl. 14:30 kom Áfrýjunardómstóll ÍSÍ saman á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal í Reykjavík.

Mættir eru eftirtaldir dómendur:

Björgvin Þorsteinsson, Karl Gauti Hjaltason og Helgi I. Jónsson.

Tekið er fyrir:
Nr. 3/2004
Knattspyrnudeild ÍR
gegn
Íþróttafélagi Hafnarfjarðar

Dómendur kjósa sér forseta í þessu einstaka máli, Björgvin Þorsteinsson.

Í 33. grein 2. laga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands segir:

“Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóla sérsambanda sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Áfrýjun tekur þá aðeins til þeirra atriða máls er hafa slíkt almennt gildi og tilgreind eru í áfrýjunarskjali. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kærutriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstóllinn hafnar kærutriðum áfrýjanda er málinu endanlega lokið.”

Var nú ákveðið að taka málið til slíkrar ákvörðunar og gefa aðilum kost á að reifa sjónarmið sín hvað það varðar.

Skrifstofa ÍSÍ boðaði í gær aðila málsins fyrir dómstólinn kl. 15:00.

Af hálfu áfrýjanda er mættur Erlendur Þór Gunnarsson hdl.

Af hálfu varnaraðila er ekki mætt en þeir höfðu tilkynnt skrifstofu ÍSÍ að svo kynni að fara.

Var nú talsmanni áfrýjanda gefinn kostur á að tjá sig. Tók þá til máls Erlendur Þór Gunnarsson hdl. Kvað hann mál þetta eiga undir áfrýjunardómstól ÍSÍ og varða íþróttahreyfinguna í heild. Svaraði hann spurningum dómara og vék af dómþingi kl. 15:00.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Erlendur Þór Gunnarsson, sign.

Var nú kveðinn upp svohljóðandi:

D Ó M U R:

Mál þetta hefur verið dæmt á tveimur dómstigum. Áfrýjunardómstóll KSÍ er æðsti dómstóll innan knattspyrnuhreyfingarinnar hér á landi. Dómum hans verður ekki skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ nema þeir hafi almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Það er álit dómsins að mál þetta hafi ekki slíkt almennt gildi. Ber því samkvæmt framansögðu að vísa málinu frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

D Ó M S O R Ð:

Máli þessu er vísað frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Björgvin Þorsteinsson (sign)
Helgi I. Jónsson (sign)
Karl Gauti Hjaltason (sign)

Forseti mun sjá um að endurrit dómsins verði komið til málsaðila. Fleira ekki gert.
Dómpingi slitið kl. 16:20.

Björgvin Þorsteinsson (sign)
Helgi I. Jónsson (sign)
Karl Gauti Hjaltason (sign)